

## REGLUR um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa.

### 1. gr.

#### *Markmið, gildissvið og framkvæmd.*

Markmiðið með þessum reglum er að tryggja að fyrir liggi nauðsynlegar upplýsingar til að hafa eftirlit með að tryggingar ferðaskrifstofa vegna sölu alferða séu í samræmi við lög um skipan ferðamála nr. 73/2005 en sala alferða er tryggingarskyld starfsemi.

Reglurnar taka til allra þeirra sem fengið hafa leyfi Ferðamálastofu til reksturs ferðaskrifstofu sbr. lög um skipan ferðamála nr. 73/2005, hér eftir nefndir leyfishafar. Ferðamálastofa leggur mat á fjárhæð tryggingar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, og er heimilt að leita umsagnar löggilts endurskoðanda.

### 2. gr.

#### *Bókhaldskerfi.*

Bókhaldskerfi leyfishafa skal vera með skipulegum hætti og í samræmi við lög um bókhald á hverjum tíma. Þetta felur m.a. í sér að fyrir á að liggja skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhaldskerfisins. Ef leyfishafar hafa með höndum fjölþætta starfsemi skal deildarskipta bókhaldslykli þannig að sala alferða sé aðgreind frá öðrum rekstri.

### 3. gr.

#### *Ársreikningur.*

Við gerð ársreiknings skal semja sérgreindan rekstrarreikning yfir sölu alferða. Öllum rekstrarkostnaði skal skipt á rekstrarþætti og í skýringum með ársreikningi skal gera grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar eru til að heimfæra tekjur og kostnað á rekstrarþætti. Ef breytingar verða á þessum aðferðum frá fyrra ári skal gera sérstaka grein fyrir þeim.

### 4. gr.

#### *Tekjur.*

Tekjur af sölu alferða skal færa þegar til þeirra hefur verið unnið og þjónustan í meginatriðum verið innt af hendi. Gæta skal þess sérstaklega að bókfæra tekjur réttilega á mánuði innan ársins. Skiptingu tekna á mánuði á að vera hægt að lesa úr bókhaldskerfinu fyrir hvern tekjulykil í reikningslykli.

Tekjur af sölu alferða skal í bókhaldi haldið aðgreindum frá öðrum tekjum og þær bókfærðar á sérstaka reikningslykla. Ávallt skal liggja skýrt fyrir á hvaða reikningslykla tekjur af sölu alferða eru færðar.

### 5. gr.

#### *Upplýsingagjöf.*

Fyrir 1. október ár hvert skulu leyfishafar skila Ferðamálastofu eftirfarandi gögnum:

- a. Árituðum ársreikning síðasta rekstrarárs skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006
- b. Yfirliti yfir mánaðarlega veltu síðasta rekstrarárs þar sem áætluð velta vegna sölu alferða er sérgreind. Útreikningur á frádrætti vegna áætlunarflugs skal sýndur sér staklega og heildarveltan afstemmd við ársreikning. Yfirlitið skal staðfest af löggiltum endurskoðanda leyfishafa.
- c. Yfirliti yfir áætlaðar mánaðarlegar rekstrartekjur yfirstandandi árs þar sem áætluð velta vegna sölu alferða er sérgreind.

- d. Staðfestingu endurskoðanda leyfishafa um að bókhaldskerfi sé í samræmi við ákvæði þessara reglna.

6. gr.

*Mat á tryggingarfjárhæð.*

Mat á tryggingarfjárhæð skal fara fram hjá Ferðamálastofu en áður er henni heimilt að leita umsagnar löggilts endurskoðanda. Við matið skal endurskoðandi hafa óhindraðan aðgang að bókhaldsgögnum og bókhaldskerfi leyfishafa.

7. gr.

*Gjaldtaka.*

Ferðamálastofu er heimilt að taka gjöld af leyfishafa sem rennur til Ferðamálastofu til að standa straum af eftirliti vegna laganna og skal fjárhæð gjaldsins nema allt að þrjátíu þúsund krónum á hvern leyfishafa á ári. Gjöldin eiga að standa undir kostnaði af bókhaldsrannsóknnum og öðru því sem nauðsynlegt er til að sannreyna fjárhæð tryggingar á hverjum tíma.

8. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73/2005, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 2015.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. október 2015.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Valgerður Rún Benediktsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Brynhildur Pálmarsdóttir*